

207. fundur stjórnar LSS haldinn miðvikudaginn 06.04 2011 kl. 13:00 á skrifstofu LSS Brautarholti 30 , 105 Reykjavík.

Mættir: SBB, SvB, FH, JS, EK, FH, BkrÞ, VLF

Boðuð forföll: Enginn

1. Fundargerð síðasta fundar.

Sp.

2. Inntaka nýrra félaga

Engar umsóknar.

3. Kjarasamningar

Samstarfseiningafundur hjá BSRB þar sem staðan verður tekin. Ríkisstjórnin mun senda frá sér hugmyndir að innleggi í kjaraumræðuna. Í umræðunni er að semja til 3 ára, og að greidd verði eingreiðsla vegna tafa. Okkar samningsaðilar hafa ekki boðið upp á fundi og vilja að ASÍ og SA leiði viðræðurnar. Isavia ohf hefur sent beiðni um fund vegna sérstakra verkefna. Um er að ræða vilja til að slökkviliðsmenn á Kef taki að sér önnur störf. LSS hefur gert þeim það skýrt að áður en af slíku geti orðið þurfi að semja um það sérstaklega í kjarasamningi.

Varðandi SNS þá er í gangi milli þeirra og LSS vinna við að máta LSS félaga inn í Starfsmatið (launaniðurröðurnarkerfi SÍS).

4. Sjúkraflutningar

Út er komin reglugerð um sjúkraflutninga nr. 262, útgáfud. 28.02. 2011. Farið yfir, þykir heldur rýr. Ekki fékkst inn ákvæði um tvo menn á bíl.

5. Ársfundur 2011 15.04

Ákveðið að funda allan daginn m.a. vegna mikilla breytinga á fulltrúaliðinu.

Kl. 10:00 Trúnaðarmenn mæti, kynning á félaginu. VLF, FH.

Kl. 11:00 Starfsmat Guðrún A. Sigurðardóttir og Sveinbjörn og Óttar.

Kl. 12:00 Matur

Kl. 13:00 Verkefni trúnaðarmannsins. FH, VLF.

Kl. 15:00 Fulltrúaráðsfundur

-ávarp

-starfið, kjarasamningar

-ársreikningar

Stefnt að léttum veitingum og mat um kvöldið.

6. Ársreikningar

Farið yfir ársreikning félagsins og sjóðanna fyrir árið 2011. Tap er á rekstrinum sem má rekja til Ársþings, kjarasamningaviðræðna og lögfræðikostnaðs.

7. Kynning fyrir nýja fulltrúa 15. 04

Ákveðið að FH og VLF sjái um kynningu fyrir nýja fulltrúa (trúnaðarmenn).

8. Flugvellir

Bréf frá [REDACTED] þar sem hann leggur til að stofnaður verði Samstarfsvettvangur til að auka þrýsting á að okkar sjónarmið komi fram við vinnu að nýrri reglugerð um viðbúnað á flugvöllum. Senda út bréf og óska eftir að ákv. aðilar komi á fund sem fyrst.

9. Mannvirkjastofnun

SBB var boðið á ráðstefnu slökkviliðsstjóra. Þar var m.a. rætt um breytingar í skólamálum. Talið að þær séu jákvæðar fyrir félagsmenn LSS m.a. þar sem taka á 3. og 4. hluta námsins inn í fjarnámið! Reglugerð um mönnun og reykköfun er á leiðinni.

10. Önnur mál:

- a) [REDACTED] vegna uppsagnar hjá Isavia ohf. Réttindanefnd BSRB er að skoða málið og athuga hvort það vilji taka það að sér (kosta) fyrir Hæstarétti.
- b) Frítökuréttur. Mál í vinnslu hjá SA, Isavia ohf og SHS.
- c) Ritun sögu deildarinnar á Keflavíkurflugvelli. Áður var ákv. að veita 200.000kr styrk til verksins. Ath með seinni hluta greiðslunnar.
- d) Læknisskoðun. Rætt um kostnað.
- e) Þórisstaðir. Tilboð frá staðarhaldara á Þórisstöðum um gistingu, veiði og golf. Ákveðið að koma þessu tilboði til félagsmanna.

Fundi slitið 15:20